



Heiti	Skipstjórn – smáskipanám >12m (drög)
Lengd / einingar	105 kennslustundir alls. Metið sem 6 einingar í framhaldsskóla. 3ja eininga val í grunnskóla.
Markmið	<ul style="list-style-type: none">• Að kynna nemendum undirstöðubætti í siglingafræði, þannig að þeir geti með aðstoð þeirra tækja sem um borð eru, staðsett skip, reiknað út stefnur og siglt skipi af öryggi við raunhæfar aðstæður til fiskveiða og milli hafna, að loknum tilskyldum siglingatíma.• Að nemendur hafi að námi loknu, öðlast þekkingu og skilning á þeim þáttum námsins sem gerir þeim fært að að ljúka smábátanámi til skipstjórnar í lok tímabils.
Viðfangsefni	Námið veiti nemanda þekkingu til að annast skipstjórn, þar sem lögð er áhersla á öryggismál með tilliti til búnaðar, veðurs og sjólags. Að þessu skal stefnt með eftirfarandi áherslum : <ul style="list-style-type: none">• kennslu í siglingafræði og samlíki (hermi) – vinna í sjókorti (prófáfangi)• kennslu um siglingareglur (prófáfangi)• kennslu um stöðugleika og sjóhæfni skipa og skipstjórn (prófáfangi) Aðrir þættir eru : slysavarnir á sjó (Sæbjörg-Slysavarnarskóli sjómanna) , siglingatæki og fjarskipti, vélfræði, veðurfræði og umhverfisvernd.
Tilhögun náms	Kennt einu sinni í viku í 3,5 kennslustundir í 30 vikur í Menntasetrinu við Lækinn. Kennt á mánudögum frá kl. 14.30-17 frá 1. sept.-15. des. (15 vikur) og 12. jan.-27. apríl (15 vikur).
Kennslugögn /námsgögn	Verkefnabók í siglingafræðum, Sjómannabókin, alþjóðasiglingareglur, stöðugleiki fiskiskipa og sjókort. Áhöld : gráðuhorn /samsíðungur, reglustika og hringfari.
Námsmat	Nokkrar stuttar kannanir (leiðsagnarmat) úr einstökum þáttum námsins á tímabilinu. Próf og lokamat verður í höndum prófdómara frá Tækniskóla Íslands - skipstjórnardeild.
Skilyrði til atvinnuréttinda	Að loknu smáskipanámi þarf að sækja um atvinnuskírteini hjá Samgöngustofu Ármúla 2. Eftirfarandi gögn þurfa að fylgja umsókn : <ul style="list-style-type: none">• að viðkomandi hafi lokið smábátanámi• að viðkomandi hafi lokið 10 mánaða siglingatíma• að viðkomandi sé orðin 18 ára að aldri• að viðkomandi hafi lokið námskeiði hjá Slysavarnarskóla sjómanna - Sæbjörgu• að viðkomandi hafi sjón og heyrn í lagi
Markhópur	Nemendur í 10. bekk sem áhuga hafa fyrir námi tengdu sjávarútvegi
Kennari – ábyrgð	Gunnlaugur Dan Ólafsson. Námið er kennt með stuðningi Fisktækniskóla Íslands, með samþykki Tækniskóla Íslands - skipstjórnardeild